



ORKUSTOFNUN

Vatnsöflun fyrir laxeldisstöð á Nauteyri

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-80/03

VATNSÖFLUN FYRIR LAXELDISSTÖÐ Á NAUTEYRI

Að beiðni þórðar Ólafssonar í Islax h/f, tók undirritaður þátt í leiðangri vestur á Nauteyri við Ísafjarðardjúp til að kanna aðstæður til laxeldis, einkanlega með hafbeit í huga. Þessi greinargerð fjallar fyrst og fremst um leiðir til vatnsöflunar fyrir laxeldissstöð á þessum slóðum. Fyrstu ámetlanir um stöðina hljóða upp á 300.000 seyði. Slík stöð þarf 50 - 60 l/s af 12° heitu vatni.

Heitt vatn

Töluverður jarðhiti er í Nauteyrarhreppi og í landi Nauteyrar er jarðhiti á þremur stöðum. Sérfræðingar jarðhitadeildar Orkustofnunar athuguðu þetta svæði 1977 og mældu þá lauslega rennslið úr laugunum (Guðmundur Ingi Haraldsson, Árný Erla Sveinbjörnsdóttir 1978). Á grundvelli þessara athugana var ákveðin berun eftir heitu vatni við Nauteyri og mun sú borun verða framkvæmd nú í sumar.

I ferð okkar að Nauteyri reyndum við að mæla og ámetla rennslið úr laugunum með meiri nákvæmni en áður og eru niðurstöðurnar sem hér segir: Syðsta svæðið er um 500 m suður og upp af Nauteyri en þó aðeins í um 30 m yfir sjávarmáli. Þar koma laugarnar fram á stuttri línu 29 - 30°C. Nyrsta laugin er stærst og mældist okkur hún vera 5,5 - 6 l/s. Vatnið úr hinum laugunum er erfitt að mæla því það kemur upp nokkuð dreift. Eg mundi þó ámetla, að þarna kæmu upp 3 - 4 l/s. Þarna eru því til staðar um 9 l/s af 30° heitu vatni. Mér virðist að ekki muni vera erfitt að ná þessu vatni saman, ef með þarf, í þípur með því að grafa rás eftir lindalinunni alveg niður á fast og taka laugavatnið, þar sem það kemur úr klöppinni í drenlögn og veita því í smá brunn, sem stæði ögn lægra. Miðað við að eldisstöðin verði við Hafmardalsá er fjarlægðin um 3 km.

Miðsvæðið er við baðlaugina á Nauteyri. Uppsprettuaugun eru flest í myri í um 25 m yfir sjávarmáli. Vatnið úr þeim fer

í læk sem rennur um mýrina. Hitastigið meðlist nekkuð misjafnt. Baðlaugin er heitust $43,0^{\circ}\text{C}$ en köldustu laugarnar eru $34,0^{\circ}\text{C}$. Ögermingur er að mæla heitavatnsrennslið beint. Við ástluðum því magnið með því að mæla rennsli og hitastig lækjarins eftir að hann hefur runnið um laugasvæðið. Hann meðlist $8,5 - 9 \text{ l/s}$ og $17,8^{\circ}\text{C}$. Hitastig lækjarins og mýravatnsins ofan við laugasvæðið var $3 - 4^{\circ}\text{C}$. Ef reiknað er með að jarðhita-vatnið hafi kélnað niður í 35°C neðan við lindasvæðið fæst að magn heita vatnsins sé um 4 l/s . Borun er huguð rétt við baðlaugina.

Nyrsta svæðið er rétt sunnan Hafnardalsár um 1 km ofan brúar. Þar eru nokkur smá augu á um 25 m langri línu. Vatnshiti er 34°C en rennslið innan við $1/2 \text{ l/s}$. Þetta svæði borgar sig ekki að nýta að svo stöddu.

Miðað við að eldisstöðin verði við ós Hafnardalsárinna og í 5 m hæð yfir sjávarmáli eru 3 km í syðsta svæðið og hallinn 8 mm/m, en um 2,5 km að fyrirhugaðri berholu og sami halli, 8 mm/m. Hallinn er nægur fyrir sjálfreynslu. Fyrir ekki meira hitastig og þetta stuttar vegalengdir er líflega best að nota venjuleg PEH plaströr frá Reykjalundi og grafa þau í jörð. Kælingin á vatnini verður $2 - 3^{\circ}\text{C}$ á km. Rörastærðin Ø 140 setti að duga. Á verðlagi 1. mars 1980 kostar þessi stærð af rörum $4,5 \text{ Mkr/km}$ með söluskatti.

Kalt vatn

Kaldavatnsathugunin náði yfir láglendið frá Hafnardalsá að þverá. Það er skemmt frá því að segja, að lindir eru þar bæði fáar og smáar. Stærsta lindin kemur upp undan malarhjöllunum neðan vegar utan við Nauteyri. Þarna spruttu fram $4 - 5 \text{ l/s}$ af $2,6^{\circ}\text{C}$ vatni í ca $10 - 15 \text{ m}$ yfir sjó. Aðrar lindir er ekki vert að nefna. Kalda vatnsins verður því annað hvort að afla með berum eða brunngerð í vatnsleiðandi jarðlöög, eða með síum á yfirborðsvatni. Vatnsleiðandi jarðlöög á svæðinu eru áreyrar og fernir marbakkar. Athugunin


sýmir að marbakkarnir eru vatnssnauðir eg því standa áreyrarnar einar eftir.

Samkvæmt mælingum Sigurjóns Rist (1969) er Hafnardsá lindá að hluta til. Miðað við ár í nágrenninu er rennsli hennar tiltölulega stöðugt. Í tímanna rás hefur Hafnardsá sett af sér þó nekkuð mikinn framburð. Í isaldarlok virðist sjér hafa staðið um 20 m hærra við Ísafjarðardjúp innanvert en hann gerir nú og þá hafa myndast þeir marbakkar sem getur að líta í um 20 m yfir sjávarmáli við ána. Við lakkandi sjávarberð hefur án grafið sig í hinn gamla framburðsinn og myndað núverandi eyrar. Ástæða er til að ætla að svona umlagað og skelað efni sé samilega vatnsleiðandi. Smálindir í eyrunum norðan árinnar gefa það líka til kynna. 25 -30 m sfun vatns í gegnum eyrar sem þessar á að vera nægileg til að hreinsa burt hvers kyns óhreinindi og jafnvel gerla.

Hve miklar tilfæringar muni þurfa til að ná nægilegu vatni úr eyrunum er ekki haegt að segja til um að svo stöddu. Fyrst þarf að gera dæluprófun úr brunni við ána en sílfí prófun gefur upplýsingar um vatnsleiðnieiginleika eyranna. Það er því tillaga míln, að komið verði fyrir brunni í eyrunum við Hafnardsá, 4 -4,5 m djúpum eða eins og grafa kemur honum niður, og hann prófaður með dælingum. Orkustofnun Jarðkönnunardeild er reiðubúin til þess að framkvæma það verk. Staðsetning brunnsins skal vera norður af fyrirhuguðum fiskeldishúsum, 40 - 50 m frá árbakkanum.

Brunnerö

Efni: 12 tömmu plaströr (frá Reykjalundi), 4,5 m að lengd.
Neðri helmingur rörsins er gataður með 15 mm götum með 10 cm millibili og 10 cm á milli gataraða. Slá skal betn í rörið t.d. blikkþynnu. Rörið skal grafið eins djúpt og hægt er að koma því. Pókka þarf utanmeð því grófu efni, t.d. úrkasti frá hörpun, upp fyrir gataða hlutann. Pókkið þarf að vera amk. 0,5 m á þykkt frá röri. Eskilegt er að breiða plastdúk yfir pókkið en moka síðan uppgreftrinum vel yfir og fylla holuna þannig, að halli út frá brunninum á alla kanta. Byrgja skal brunninn.



Síun
~~það~~ er ljóst, að dæling vatns úr brunnum er nekkuð kostnaðarsöm og því hefur þeirri spurningu verið varpað fram, hvort síun og hreinsun árvatnsins með þar til gerðum búnaði, t.d. sandsíum og geislunartækjum, yrði ekki ódýrari þegar til lengdar léti. Þetta er fyrst og fremst verkfræðilegt og rekstrarhagfræðilegt spursmál og verður því ekki svarað til hliftar hér.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem til eru um Hafnardalsá verður hún sjaldan kolmórauð í leysingum og helst lengur ter í vatnavöxtum en árnar í nágrenninu. Þetta er auðvita höfuðkostur í sambandi við síun.

Reynslan af síun drykkjarvatns hérlendis er neikvæð í nánast öllum tilfellum. Ástæðurnar fyrir því eru þó etv. fremur þær, að slíkur hreinsibúnaður hefur jafnan verið af vanefnum gerður og vanpekkingu rekinn heldur en að svona hreinsun sé óframkvæmanleg.

Heimildir

Guðmundur Ingi Haraldsson, Árný Erla Sveinbjörnsdóttir 1978:
Jarðhitaathugun við Nauteyri N-Ís. OS-JHD 7848,

Sigurjón Rist 1969: Vatnasvið Íslands. OS-Vatnammelingar 6902.


Arni Hjartarson

Norður-Isafjarðarsysla

Nauteyrarhr.

Nauteyri_24/6 1960. (Vatnsmikil lind undan
griðtholti ofan vegarins skammt fra þvera) Efnagr. A.H.

Hiti	30°	c
pH	9,85	
Viðnam	6460 ohm x cm v.	25°
Harka	4,42 mg/l	CaO
Cl ⁻	17,3	"
F	0,25	"
SiO ₂ (grav)	28,8	"
SO ₄ ²⁻	5,9	"
P-alkal	11,76	" CaO
S- "	22,85	" "
Steinefni alis	112,0	"

Norour-Isafjarðarsysla

Nauteyrarhr.

Nauteyri_(heimasta laugin, skammt ofan
við tunið 24/6 1960.) Efnagr. A.H.

Hiti	44°	c
pH	9,81	
Viðnam	5583 ohm x cm v.	25°
Harka	4,03 mg/l	CaO
Cl ⁻	20,4	"
F	0,3	"
SiO ₂ (grav)	42,8	"
SO ₄ ²⁻	8,4	"
P-alkal	14,45	" CaO
S- "	27,55	" "
Steinefni alis	143,6	"